

# Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í landi Efri-Reykja í Biskupstungum




Atli Rúnarsson

NV nr.

Janúar 2023

---

 <b>NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA</b>		<b>Dagsetning: Janúar 2023</b>
		<b>Dreifing:</b> <input type="checkbox"/> <b>Opin</b> <input type="checkbox"/> <b>Lokuð til:</b> <input type="checkbox"/> <b>Háð leyfi verkkaupa</b>
<b>Skýrsla nr:</b> 01-23	<b>Verknúmer:</b> 636	
<b>Heiti skýrslu:</b> Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í landi Efri-Reykja í Biskupstungum		<b>Blaðsíður:</b>
		<b>Upplag:</b>
<b>Höfundur:</b> Atli Rúnarsson		<b>Fjöldi korta:</b>
		<b>Gerð skýrslu/verkstig:</b>
<b>Verkefnisstjóri:</b> Margrét H. Hallmundsdóttir		<b>Unnið fyrir:</b> Efri Reyki ehf
<b>Útdráttur</b> Fornleifaskráning vegna deiliskipulags vegna fyrirhugaðrar frístundabyggðar í landi Efri-Reykja í Biskupstungum		
<b>Lykilorð íslensk:</b> Fornleifaskráning, deiliskipulag, Efri-Reykir, Biskupstungur, Bláskógabyggð		<b>Lykilorð ensk:</b> Archaeological Survey, Efri-Reykir, Biskupstungur, Bláskógabyggð
<b>Undirskrift verkefnastjóra:</b> Margrét Hallmundsdóttir		<b>Yfirfarið af:</b>

---

**EFNISYFIRLIT**


1. INNGANGUR.....	1
2. SKRÁNINGARSVÆÐI.....	1
3. AÐFERÐAFRÆÐI.....	1
3.1 TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR.....	2
3.2 SKRÁNING FORNLEIFA.....	3
4. SAGA EFRI-REYKJA.....	3
5. HEIMILDASKRÁ.....	5
6. FORNLEIFASKRÁ.....	6
7. NIÐURSTÖÐUR.....	9
8. KORT.....	10

---

## 1. INNGANGUR

Að beiðni Evu Hálfánardóttur fyrir hönd Efri Reykja ehf. gerði fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða í fornleifaskráningu vegna deiliskipulags vegna fyrirhugaðs frístundahúsasvæðis í landi Efri-Reykja í Biskups-tungum.

Vettvangsrannsókn fór fram þann 18. nóvember 2022 og fór fornleifafræðingurinn Atli Rúnarsson á vettvang. Hann sá um einnig um skýrslu- og kortagerð.



Mynd 1. Staðsetning skráningarsvæðisins merkt inn á kort með gulri stjörnu

## 2. SKRÁNINGARSVÆÐI

Í deiliskipulaginu segir um svæðið að það sé „gróið flatlendi, að hluta til framræst votlendi. Nokkuð víðikjarr er á svæðinu, og svolítið af lágvöxnu birkikjarri.“<sup>1</sup> Skipulagssvæðið afmarkast af Brúará til vesturs, núverandi frístundabyggðar til norðurs og austurs og Laugarvatnsvegi til suðurs. Landið ber þess merki að uppblástur hafi verið hafinn áður en það var grætt upp aftur. Hluti skipulagssvæðisins er innan verndarsvæðis Brúarár sem er á Náttúruminjaskrá.

## 3. AÐFERÐAFRÆÐI

Aðferðafræði rannsóknarinnar byggir fyrst og fremst á fornleifaskráningu á vettvangi en að auki var farið yfir helstu heimildir um jarðirnar, s.s. örnefnaskrár, túnakort, jarðabækur og annað sem getur gefið vísbendingar um fornminjar. Notast var við Trimble Juno 5 uppmælingatæki, myndir teknar og dróna flogið yfir svæðið.

Engin fornleifaskráning hafði farið fram áður á svæðinu.

---

<sup>1</sup> Bláskógabyggð, 2022



### 3.1 TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR

Allir skráðir minjastaðir voru skráðir og voru teknir staðsetningarpunktar á hverjum stað með Trimble Juno 5 uppmælitæki. Minjastöðunum var lýst og ljósmyndir teknar af hverjum stað.

Í lögum um menningarminjar nr. 80 29. júní 2012 segir að lögin eigi að tryggja eftir föngum verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Eins eiga lögin að auðvelda aðgang að minjunum, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Þá er fornleifaskráning bundin skipulagsgerð skv. lögnum, en í 16. gr. segir:

Skylt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna.

Í 3. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum, vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri, tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita, vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra, virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum, þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast síðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð, áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum, haugar, dysjar og aðrir geftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið, skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

Í 21. grein laga um menningarminjar segir:

fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Sú skylda hvílir á sveitarfélögum eða framkvæmdaaðilum að gera Minjavernd ríkisins viðvart ef fyrirsjáanlegt er að minjar spillist vegna hvers konar framkvæmda eða breyttrar landnotkunar (sjá 12.gr.).

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands (24 gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða nauðsynjalausu. Fornleifaskráning nýtist við minjavörslu þegar ákveða á verndun á einstökum minjastöðum. Eins kemur hún að miklum notum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þá er hægt að taka tillit til minjanna við skipulagsgerð og nýta þær í rannsókn eða kynningarskyni. Með fornleifaskráningu má einnig stórlega minnka líkur á að fornleifar komi óvænt í ljós við framkvæmdir sem gæti leitt til tafa á viðkomandi verki.

### **3.2 SKRÁNING FORNLEIFA**

Verkefnanúmeri er úthlutað af Minjastofnun Íslands og svæðið hefur verið merkt inn á vefsíðu Minjastofnunar og skýrsla skráð þar sem og minjar sem mældar voru upp. Verkefnið fékk númerið 2866 og þar á eftir eru hlaupandanúmer rannsóknarinnar, dæmi: 2866-001.

## **4. SAGA EFRI-REYKJA**

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns sem gerð var fyrir svæðið árið 1708 var sagt að jarðardýrleiki Efri-Reykja væri óviss og að jörðin væri í eigu Skálholts dómkirkju. Landskuld jarðarinnar voru eitt hundrað tuttugu álnir sem voru greiddar í friði.

Leigukúgildin voru sex og þrennar kvaðir voru á jörðinni. Tveir ábúendur voru á jörðinni og bjuggu þeir á hvorum helmingi hennar. Samtals áttu ábúendurnir átta kýr, eitt naut og eina kvígu, fimmtíu ær, þrjá gamla sauði, einn þrívetra, átta tvívetra og fjórtan veturgamla. Lömbin voru þrjátíu og fimm, hestarir þrír, tveir tvívetra foar, eitt unghryssi þrívetra og þrjú hross. Jörðin var talin bera sjö kúa þunga. Silungsveiði hafði verið einhver í læknum Fullsæl en hún fór versnandi. Skógur var sagður hafa verið á jörðinni en þegar jarðabókin var skrifuð var hann gjöreyddur. Vetrar gátu verið harðir, meira en á umliggjandi jörðum, og Fullsæll braut engjarnar og var jörðin orðin engjalítill.<sup>2</sup>

Í Jarðatali Johnsen frá 1847 var sagt að Efri-Reykir voru í bændaeign, dýrleiki jarðarinnar var 34  $\frac{1}{3}$ , landskuldin var 1,20, kúgildin voru 6 og ábúendurnir voru einn leigjandi.<sup>3</sup>

Samkvæmt manntölum var nokkuð stöðug byggð á Efri-Reykjum en þar voru taldir ábúendur á árunum 1703, 1835, 1860, 1890, 1901, 1910 og 1920.<sup>4</sup>

Í Örnefnaskrá sem gerð var eftir heimildum Guðmundar Ingimarssonar, sem fæddist að Efri-Reykjum árið 1900 og dvaldi þar til 1933, var sagt frá fjárhústóft sem mun hafa verið nálægt skráningarsvæðinu<sup>5</sup> en hún fannst ekki við vettvangsathugun og hefur hún líklega horfið þegar bærinn Stekkatún var byggður árið 1959.<sup>6</sup>

---

<sup>2</sup> Árni Magnússon & Páll Vídalín, 1913-1917, bls. 299-300

<sup>3</sup> J. Johnsen, 1847, bls. 69

<sup>4</sup> Manntal.is, 2022

<sup>5</sup> Örnefnaskrá: Efri-Reykir

<sup>6</sup> Bláskógabyggð, 2014

## 5. HEIMILDASKRÁ

Árni Magnússon & Páll Vídalín. (1913-1917). *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Árnessýsla* (B. II). Kaupmannahöfn: S. L. Möller.

Bláskógabyggð. (2014). Stekkatún - Deiliskipulag.

Bláskógabyggð. (2022). Efri-Reykir - tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar.

J. Johnsen. (1847). *Jarðatal á Íslandi með brauðlýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. Kaupmannahöfn: S. Trier.

*Manntal.is*. (30. Nóvember 2022). Sótt frá

[https://manntal.is/leit/itarleit=\(leitarord=;heimili=%22Efri%20Reykir%22;sysla=%C3%81rness%C3%BDsla;sokn=null;stada=null;aldur=null;kyn=null\)/1703,1816,1835,1840,1845,1850,1855,1860,1870,1880,1890,1901,1910,1920/1/1703](https://manntal.is/leit/itarleit=(leitarord=;heimili=%22Efri%20Reykir%22;sysla=%C3%81rness%C3%BDsla;sokn=null;stada=null;aldur=null;kyn=null)/1703,1816,1835,1840,1845,1850,1855,1860,1870,1880,1890,1901,1910,1920/1/1703)

(án dags.). *Örnefnaskrá: Efri-Reykir*. Örnefnastofnun.



## 6. FORNLEIFASKRÁ

**Númer:** 2866-001

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Hnit ISN93:** A: 426214.8 N: 416261.6

**Lengd:** 27.7m

**Breidd:** 17m

**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Friðlýst:** Nei

**Hættumat:** Hætta


**Hættuorsök:** Framkvæmdir

**Staðhættir:** Í þýfðu túninu um 140m austan við bílastæðinu við gönguleiðina að Brúarfossi.

**Minjalýsing:** Tóft, mögulega stekkur eða gerði, úr torfi. Virkar frekar forn, er vel sigrin og veggir sumstaðar alveg horfnir ofan í jörðu. Tóftin er gerð úr tveimur hringlaga hólum en ekki er ljóst hvort hólfín séu áföst hvoru öðru eða ekki. Veggjahæðin er frá 0-0.2m og veggjabreiddin er að jafnaði um 0.3-0.5m.



Mynd 2. Horft í vestur yfir tóft (XXXX-001).



Mynd 3. Uppmæling af tóft (XXXX-001)

**Númer:** 2866-002

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Garðlag

**Hnit ISN93:** A: 426294.9 N: 416336.7

**Lengd:** 63m

**Breidd:** 1m

**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Friðlýst:** Nei

**Hættumat:** Hætta


**Hættuorsök:** Framkvæmdir

**Staðhættir:** Um 100m frá 2866-001. Í þýfðu graslendi.

**Minjalýsing:** Garðlag, mögulega vörslugarður, úr torfi. Niðurgröftur eftir torftöku vestan megin við garðinn. Garðurinn hverfur í báða enda í þýft graslendi. Veggjahæð er frá 0 - 0.4m og veggjabreiddin er að jafnaði um 0.5m.



Mynd 4. Horft yfir garðlag (XXXX-002).



Mynd 5. Uppmæling af garðlagi (XXXX-002).

**Númer: 2866-003**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Garðlag

**Hnit ISN93:** A: 426316.5 N: 416280.3

**Lengd:** 72m

**Breidd:** 1m

**Ástand:** Illgreinanlegar fornleifar

**Horfin:** Nei

**Friðlýst:** Nei

**Hættumat:** Hætta


**Hættuorsök:** Framkvæmdir

**Staðhættir:** Um 30m norðan við garðlag (2866-002).

**Minjalýsing:** Garðlag og mögulegt gerði í vesturenda garðsins. Úr torfi og niðurgröftur eftir torftöku við garðinn. Garðurinn er T laga og allir endar hverfa í þýft graslendi. Veggjahæð er frá 0 - 0.3m og veggjabreiddin er að jafnaði um 0.5m.



Mynd 6. Horft yfir garðlag (XXXX-003).



Mynd 7. Uppmæling af garðlagi (XXXX-003)

## 7. NIÐURSTÖÐUR

Alls voru þrjár minjar skráðar innan skipulagssvæðisins og lenda þær allar innan byggingarreits og teljast þessvegna í hættu vegna framkvæmda.

NR.	TEGUND	ÁSTAND	HÆTTUMAT	HÆTTUORSÖK	TILLAGA AF MÓTVÆGISAÐGERÐ
2866-001	tóft	greinanleg	hætta	framkvæmda	athuga eðli og umfang
2866-002	garðlag	illgreinanleg	hætta	framkvæmda	könnunarskurður
2866-003	garðlag	illgreinanleg	hætta	framkvæmda	könnunarskurður

*Tafla 1. Listi yfir skráðar fornleifar, hættumat á þeim og tillögur af mótvægisáðgerðum*

Samkvæmt deiliskipulaginu þá lendar tóft (2866-001) innan lóðar númer 55 og er hún einnig innan náttúruverndarsvæðis Brúarár, garðlag (2866-002) lendar innan lóðar númer 53 og garðlag (2866-003) lendar innan lóðar 51.

Minjastofnun Íslands mun taka ákvörðun um mótvægisáðgerðir sem þarf að ráðast í ef raska þarf minjunum. Samkvæmt lögum um menningarminjar hafa fornleifar 15m friðhelgað svæði frá ystu mörkum þeirra. Einnig er vert að minnast á að, samkvæmt menningarminjalögum, ef áður óþekktar fornminjar koma í ljós við framkvæmdir skal stöðva framkvæmdirnar samstundis og hafa samband við Minjastofnun Íslands.



## 8. KORT




**NÁTTÚRUSTOFA  
VESTFJARÐA**  
Fornleifadeild

### Skýringar

- Staðsetning fornminja
- Byggingarreitur
- Mælingar - flákar
- ▨ Náttúruverndarsvæði

0 100 200 300 m



■ Svæði

Fornleifar sem voru skráðar í landi Efri-Reykja vegna breytinga á deiliskipulagi.


Mælikvarði: 1:7000 Dags. 09.12.2022 Kort 1  
Náttúrustofa Vestfjarða Atli Rúnarsson





### Skýringar

- Staðsetning fornminja
- Byggingarreitur
- Svæði
- Mælingar - flákar
- Náttúruverndarsvæði



Fornleifar sem voru skráðar í landi Efri-Reykja vegna breytinga á deiliskipulagi.  
Mælikvarði: 1:800 Dags. 09.12.2022 Kort 2  
Náttúrustofa Vestfjarða Atli Rúmarsson